

JV Fiskverkun ehf
Staðarsundi 6-8
kt. 680116-0310
240 Grindavík

Þingmálsnúmer 1130

Grindavík, 5. Júní 2024

Umsögn vegna Stuðningsaðgerða v/Náttúrhamfara í Grindavík

Góðan daginn.

Í ljósi atburðanna 10. nóvember 2023 og þeirra sem eftir hafa fylgt og eru „enn“ yfirstandandi, viljum við hjá JV. Fiskverkun ehf (kt 460116-0310) upplýsa ykkur um núverandi stöðu okkar.

Vegna yfirstandandi atburða hefur engin starfsemi verið í húseignum okkar að Staðarsundi 6 og 8 síðan 10. nóvember og vegna skemmda á húsnæðinu og götunni sjálfri er ljóst að engin starfsemi mun vera þar um ófyrirséða framtíð. Þetta er vinnsluhúsnæði sem var með öll leyfi frá MAST. Af þessu hefur hlotist mikil óvissa og tekjumissir, en engu að síður hefur þurft að standa straum af tryggingum og öðrum rekstrarkostnaði.

Nú liggur fyrir að samþykkt hafa verið uppkaup á íbúðarhúsnæði Grindvíkinga og margir hafa tekið því tilboði. Eftir sitja litlu og meðalstóru fyrirtækin sem hafa engan rekstrargrundvöll við þessar aðstæður og enga fjárhagslega getu til að færa sig nema með uppkaupum til að byrja uppá nýtt. Ef farið yrði í að lagfæra húsnæðin þarf að leita á náðir lánastofnana sem hafa mjög lítinn eða engan áhuga á að lána til viðgerðaframkvæmda í Grindavík.

Þar sem þetta óvissuástand virðist geta varað í langan tíma þarf að taka til athugunar lögbundnar tryggingar sem öll fyrirtæki eru með og eru enn að greiða af þó engin starfsemi sé. Það er í hæsta máta óeðlilegt að greiða fullar tryggingar við þessar aðstæður þegar ljóst má vera að tryggingafélögin munu væntanlega ekki bæta neitt af því tjóni sem hér um ræðir.

Ég hef ekkert heyrt um neina umræðu varðandi tryggingarfélögin og tel brýnt að þetta verði tekið til skoðunar sem forgangsmál.

Óskum víð því eftir stuðningi ykkar um „uppkaup“ á atvinnuhúsnæði okkar því í svona ástandi þá er engin rekstrargrundvöllur fyrir eitt eða neitt og það lifir þetta engin af.

Upplýsingar um fyrirtækið er hér að neðan:

JV.Fiskverkun.ehf / kt:460116-0310 Staðarsund 6-8

Fastnr. F2092349; Fastnr. F2032348

Með kærri kveðju.

Jón Thorberg Jensson

Framkvæmdastjóri